

RÍÓ

303 tbl. apríl 2019

# MYNDIR

mánaðarins



MYND EFTIR  
PHILIPPE DE CHAUVERON

# ÖMURLEG BRUÐKAUP 2

# FRÍSKANDI BRAGÐ!



FYRIR HREINAR OG  
FRÍSKAR TENNUR

# Er það dýrasta best?

Hver er munurinn á ódýrasta og dýrasta hamborgara landsins? Herra Hnetusmjör púllar víða upp ásamt fríðu föruneyti í nýrri þáttaröð og ber saman ýmiss konar þjónustu á andstæðum endum verðbilsins.

Fylgstu með Kling Kling í **Sjónvarpi Símans appinu** í apríl.



## Útgefið í apríl

### DVD og BluRay

4.4.	Lotta og leyndardómur mánastei...	Myndform	Teiknimynd	Leyfð	12
5.4.	Spider-Man: Into the Spider-Verse	Sena	Teiknimynd	6 ára	16
11.4.	Grami göldrótti	Myndform	Teiknimynd	Leyfð	17
11.4.	Bubbi byggir	Myndform	Barnaefni	Leyfð	18
17.4.	Mortal Engines	Myndform	Vísindaskáldsaga	12 ára	22

### VOD

3.4.	Bumblebee	S & V	Ævintýri/hasar	12 ára	10
4.4.	Lotta og leyndardómur mánastei...	Myndform	Teiknimynd	Leyfð	12
5.4.	Blindspotting	Myndform	Glæpadrama	16 ára	12
5.4.	Tryggð	Sena	Drama	9 ára	13
5.4.	I Kill Giants	Myndform	Fantasía/ráðgáta	12 ára	13
5.4.	Ben is Back	Myndform	Drama	12 ára	14
5.4.	Spider-Man: Into the Spider-Verse	Sena	Teiknimynd	6 ára	16
11.4.	Grami göldrótti	Myndform	Teiknimynd	Leyfð	17
11.4.	Bubbi byggir	Myndform	Barnaefni	Leyfð	18
12.4.	What Happened to Monday	Myndform	Vísindask./hasar	16 ára	18
12.4.	Giftu mér, félagi	Myndform	Gamanmynd	12 ára	19
12.4.	Escape Room	Sena	Spenna/ráðgáta	16 ára	20
12.4.	American Hangman	Sena	Spennumynd	16 ára	20
17.4.	The Old Man & the Gun	Myndform	Gamandrama	12 ára	21
17.4.	Mortal Engines	Myndform	Vísindaskáldsaga	12 ára	22
17.4.	Eliás	Myndform	Barnaefni	Leyfð	23
17.4.	The Miracle Season	Myndform	Sannsóleglegt	Leyfð	23
17.4.	Vesalings elskendur	Sena	Gaman/rómantik	Leyfð	24
17.4.	Holmes & Watson	Sena	Gamanmynd/farsi	12 ára	24
17.4.	Planetarium	Myndform	Fantasía/ráðgáta	12 ára	25
24.4.	Replicas	Myndform	Vísindask./hasar	12 ára	25
24.4.	Juliet, Naked	Myndform	Gaman/rómantik	Leyfð	26
24.4.	Stan og Ollie	Myndform	Sannsóleglegt	9 ára	27
24.4.	Ronja ræningjadóttir	Myndform	Barnaefni	Leyfð	27
24.4.	Instant Family	Vodafone	Gamandrama	9 ára	28
26.4.	A Dog's Way Home	Sena	Fjölskyldumynd	Leyfð	29
26.4.	Eighth Grade	Sena	Uppvaxtarsaga	12 ára	29
29.4.	Aquaman	S & V	Ofurhetjur/ævint.	12 ára	30



## MYNDIR MÁNAÐARINS

303. tbl. apríl 2019

Útgefandi: Myndir mán. ehf., Trönuhrauni 1, 220 Hafnarfirði, sími 534-0417

Heimasíða: www.myndirmanadarins.is

Ábyrgðarmaður: Stefán Unnarsson / myndmark@islandia.is

Texti / Umbrot: Bergur Ísleifsson

Pröförk: Veturlíði Óskarsson

Prentun / Bókband: Ísafoldarprentsmiðja


Upplag: 20.000 eintök



TVÆR GÓÐAR  
Á VOD Í APRÍL



MYNDFORM



# TVENNUNU TILBOÐ

TVÖFÖLD  
GLEÐI!

Pú sækir pizzu og stóran skammt af brauðstöngum og færð aðra pizzu sömu stærðar að auki.

# Stjörnuþá mánaðarins



## Vatnsberinn 20. jan. - 18. feb.

Það er kominn tími til að takast á við mál sem legið hefur þungt á þér síðan um fimmmeytið 8. febrúar og vatt svo upp á sig vegna aðgerðaleysis og varð að því allsherjarklúðri sem það er í dag.



## Fiskarnir 19. feb. - 20. mars

Þú lætur mjúkra lokka flóð létta strjúka þér um kinn á meðan skuggar mjakast nær og nóttin læðist inn en getur svo ekki sofnad vegna hrotanna í Bjössu. Prófaðu að slá hann utanundir.



## Hrúturinn 21. mars - 19. apríl

Þú sýnir hörku við samningaborðið og uppskerð mun stærra páskaegg en búið var að kaupa. Mundu bara þegar þú færð hressilega í magann að sá á alltaf kvölina sem á völinu.



## Nautið 20. apríl - 20. maí

Fyrir utan þetta venjulega gerist lítið annað hjá þér í apríl en að þú eignast mjög góða léreftstusku sem þú getur notað til að strjúka af og fægja silfrið. Lukktalan þín í apríl er einn og hálfur.



## Tvívurarnir 21. maí - 21. júní

Eitthvað sem hvílt hefur þungt á þér léttist verulega þegar þú steingleymir því. Þú færð mjög góða hugmynd um að breyta veröldinni til batnaðar en steingleymir henni líka fljótlega.



## Krabbinn 22. júní - 22. júlí

Þér líður dálítið eins og þú sért lítill, ódýr og einnota kveikjari sem er alveg að verða búinn með gasið. Reyndu að hressa þig við með sykurlausum mjólk-urhristingi eða ferðalagi til Færeyja.



## Ljónið 23. júlí - 22. ágúst

Þú ert ekki búin(n) að lesa langt þegar þú rekst á stafsetnængarvillu sem fer verulega í taugarnar á þér. Þú vonar að að þú rekist ekki á fleiri svona villur en sú von fer fyrir lítið í lok lestrarinsins.



## Meyjan 23. ágúst - 22. sept.

Fólk sem er fætt í meyjarmerkinu og er komið yfir þrítugt má reikna með talsverðu hárlösi fram eftir mánuðinum og augljósum skallamerkjum. Einhver sem þú þekkir vinnur 680 kr. í lottóinu.



## Vogin 23. sept. - 23. okt.

Þar sem þér hættir til að ofmetnast og verða alveg óþolandi þegar þér er hrósað sleppum við því hér. Ákveddu að gefa allt sem þú átt til góðgerðarmála svo þú getir byrjað upp á nýtt.



## Sporðdrekin 24. okt. - 21. nóv.

Ekki taka það nærri þér þegar eitthvað sem þú átt týnist upp úr átjanda því það dúkkar upp aftur eftir ár. Nú er rétti tíminn fyrir alla í sporðdrekaferlinu að fjárfesta í páskaeggi og liljum.



## Bogmaðurinn 22. nóv. - 21. des.

Ekki taka öllu svona alvarlega eins og þú hefur gert að undanförmu og passaðu þig á að fá ekki annað ofsóknarkast. Það er enginn að koma og taka þig, a.m.k. ekki fyrr en í næstu viku.



## Steingeitin 22. des. - 19. jan.

Fátt er svo með öllu illt að ei boði gott segir máltækið og það þarftu að hafa í huga þann níjtjanda þegar þú dettur ofan í þreskivél. Mundu að segja ekki nei heldur kannski, kannski, kannski.

# Minningar mánaðarins



Þann 4. apríl verða liðin nákvæmlega 40 ár síðan einhver tárbotasta mynd allra tíma var frumsýnd, *The Champ* eftir leikstjórnann Franco Zeffirelli, með þeim Jon Voight og Faye Dunaway í aðalhlutverkum þeirra fullorðnu og hinum unga Ricky Schroder í hlutverki T.J.

Myndin innihélt, og inniheldur auðvitað enn, einhvern sorglegasta endi sem finna má í gjörvallri kvikmyndasögu bandarískra kvikmynda enda komu áhorfendur meira og minna hágrátandi og með ekkasögum út af henni, hreint og beint harmi slegnir og í djúpri sorg yfir örlögum hnefaleikamannsins Billys og viðbrögðum sonar hans – sem hinn átta ára Ricky Schroder lék svo sannfærandi að hann hlaut Golden Globe-verðlaunin fyrir vikið tæplega ári síðar, þ.e. 1980.



Paul Stephen Rudd er eitt af afmælisbörnum aprílmánaðar en hann fagnar fimmtugsafmæli sínu 6. apríl. Paul, sem á enska foreldra, fæddist og ólst fyrstu árin upp í New Jersey í Bandaríkjunum en flutti síðan til Overland Park í Kansas þar sem hann fékk ódrepani leiklistaráhuga og útskrifaðist svo í leiklist frá Kansas-háskóla. Paul var tiltölulega fljótur að koma sér á kortið í Hollywood eftir það og vinna sér inn hylli fyrir húmor og framkomu og eftir að hafa unnið við nokkra sjónvarpsþætti og leikið í nokkrum leikritum landaði hann stóru hlutverki í myndinni *Clueless*, en hún átti eftir að verða ein vinsælasta mynd ársins 1995. Síðan hefur Paul átt tryggan aðdáendahóp sem stækkað hefur ört, ekki síst eftir að hann sló í gegn sem titilpersónan Ant-Man í samnefndri mynd árið 2015. Sennilegt er að enn eigi eftir að bætast í þann aðdáendahóp þegar *Avengers: Endgame* verður frumsýnd 24. apríl en þar leikur Paul Ant-Man á ný.



Þann 30. apríl verða liðin 30 ár síðan einhver áhrifamesti leikstjóri allra tíma, Sergio Leone, lést langt um aldur fram, aðeins sextugur að aldri, og var þá í miðjum klíðum að gera sína áttundu mynd sem fjalla átti um úmsátrið um Leníngrad í síðari heimsstyrjöldinni eftir að hafa þar á undan sent frá sér stórvirkið *Once Upon a Time in America*. Fyrst og fremst er Sergios samt minnst fyrir svokallaða spaghettivestra sína sem eru jafnan kenndir við hann þótt hann hafi vissulega ekki gert fyrstu myndina sem féll í þann flokk. Hins vegar á hann það nánast skuldlaust að hafa gert spaghettivestra vinsæla þegar hann sendi frá sér myndina *A Fistful of Dollars* árið 1964, en hún sló hressilega í gegn um allan heim og gerði Clint Eastwood að stórstjörnu um leið. Þeirri mynd fylgdi Sergio síðan eftir með *For a Few Dollars More* árið 1965, *The Good, the Bad and the Ugly* árið 1966 og loks með meistaraverkinu *Once Upon a Time in the West* árið 1968. Nei, Sergio var ekki sá sem fann upp spaghettivestrann, en hann var örugglega sá sem sýndi fram á hvernig átti að gera þá.



Eins og kemur fram í umfjöllun okkar um myndina *The Old Man and the Gun* hefur Robert Redford nú lagt leiklistarskóna á hilluna fyrir fullt og allt og er þessi mynd því sú síðasta sem hann kemur fram í. Um leið má minnast þess að nú eru 60 ár síðan leiklistarferill hans hófst í New York þar sem hann fékk sitt fyrst hlutverk í leikritinu *Tall Story* árið 1959. Hann lék síðan í nokkrum leikritum og kom fram í sjónvarpsþáttum í smáhlutverkum þar til hann sló í gegn á sviði í Broadway-leikritinu *Barefoot in the Park* eftir Neil Simon árið 1962. Fimm árum síðar sló hann svo í gegn alþjóðlega þegar hann lék sama hlutverk í kvikmyndaútfærslu leikrísins sem Gene Saks leikstýrði. Aðeins liðu svo tvö ár þar til hann varð stórstjarna fyrir leikinn á móti Paul Newman í *Butch Cassidy and the Sundance Kid* árið 1969. En nú er ferill hans sem sagt á enda runninn og það er sjálfsagt að skora á alla að sjá þennan aldna meistara leika í síðasta sinn í *The Old Man and the Gun*.



*F. Mutti*

*Mest selda tómatvora*  
Italiu

# HVERNIG TÓMATA KAUPIR ÞÚ?




TÓMATAR 99,8%  
SALT 0,2%

## EÐA?

VATN OG ÖNNUR  
AUKAEFNI 30-40%



TÓMATAR 60-70%



# MUTTI EINSTAKIR TÓMATAR



Það hefur alltaf verið innbyggt í mig að maður verði að læra af því sem maður tekur sér fyrir hendur til að geta í framhaldinu orðið betri í því. Ef mér finnst ég ekki geta lært eitthvað af einhverju verki þá segi ég pass enda finnst mér það þá bara vera tímaeyðsla.

- Lucas Hedges.



Ég hrífst af mönnum sem hafa eitthvað af öllu. Ef Spock og Kirk hefðu eignast strák þá hefði ég gífst honum.

- Zoe Saldana.



Á mínu heimili voru Chris Farley og John Belushi í miklu uppáhaldi og áttu mestan þátt í að ég ákvað að reyna fyrir mér sem leikari. Mig langaði að gera það sem þeir gerðu og vera það sem þeir voru. En svo varð ég bara eins og ég er.

- Jake Johnson, um fyrimyndirnar.



Johnny Depp. Ég er að biða eftir að einhver skrifi handrit þar sem við leikum systkin – eða eitthvað.

- Julia Roberts, spurð hvort hún eigi sér óskaleikara sem hún myndi vilja vinna með.



Það eru gerðar myndir, „coming of age“-myndir, um unglunga sem eru að reyna að finna sinn sess í lífinu eftir að þeir yfirgefa æskuna. Margir segja að þetta tímabil sé eitt það skrítnasta að ganga í gegnum. Því er ég ekki sammála. Mér fannst tímabilið á milli 22 og 26 ára miklu skrítnara og það var miklu meira svona „coming of age“-tímabil fyrir mig.

- Mahershala Ali.



Jú, auðvitað hefði verið gaman að vinna en satt að segja fannst mér ég hafa unnið með því einu að vera á meðal þeirra sem voru tilnefndar. Ég meina, ég var bara nýorðin 15 ára og var í hópi með Melissa Leo, Helenu Bonham Carter, Amy Adams og Jacki Weaver. Hvaða 15 ára leikkona myndi ekki upplifa það sem sigur?

- Hailee Steinfeld, um hvernig það var fyrir hana að vera tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir hlutverk sitt í True Grit árið 2011.



Ég kann að meta allar gerðir af myndum og næstum því allar sögur. Mér finnst samt alltaf áhugaverðast að sjá myndir um persónur sem reynast ekki vera það sem þær sýnast. Það helsta sem ég kann ekki að meta eru fyrisjáanlegar sögur, þú veist, þegar maður veit nákvæmlega hvað gerist í næsta atriði, tala nú ekki um endinn.

- Noomi Rapace, um uppáhaldsmyndirnar sínar.



Ég hef alltaf átt við þann vanda að stríða að sækjast mest eftir hlutverkum sem ég veit að ég mun ekki fá.

- Robert Sheehan.



Ég er leikari, ekki dómari. Það er ekki mitt að dæma persónurnar sem ég leik, heldur leika þær. Ég læt aðra um dómana.

- Jason Clarke, spurður hvort honum hafi líkað eða mislíkað við einhverjar af persónunum sem hann hefur leikið.



Líkindi? Já, það má segja að við eigum það sameiginlegt að hafa alla tíð elskað að gera það sem við gerðum, hann að ræna peningum úr bönkum og ég að leika í og búa til kvikmyndir.

- Robert Redford, spurður hvort hann teldi einhver líkindi með sér og Forest Tucker sem hann leikur í myndinni The Old Man & the Gun.



Ég fór að taka eftir því á unglingsárum að fólk heldur að ég sé mun eldri en ég er. Þegar ég var átján hélt fólk að ég væri 25 ára og þrítugur þegar ég var 22 ára. Þrítugur var ég svo talinn fertugur og núna halda flestir að ég sé að nálgast fimmtugt.

- Chris O'Dowd, sem er 38 ára.



Vissulega er leiklist list en hún er þó allt öðruvísi en önnur list á þann hátt að við getum ekki stundað hana nema aðrir þiggi okkur um það. Máleri málar þegar hann vill mála, rithöfundur skrifar þegar hann vill skrifa, en leikari leikur ekki nema í boði annarra.

- Rose Byrne.



Ég er að lesa *How To Live: Or a Life of Montaigne* eftir Söruh Bakewell. Hún er um franska rithöfundinn Michel de Montaigne sem var uppi á seinni hluta 16. aldar og skrifaði ritgerðir sem saman urðu að bók um hvernig fólk ætti að lifa lífi sínu og umbera eigin galla. Þetta er stórkostleg lesning og mér finnst það heillandi að lífs-speki Michels á enn meira erindi í dag en þógan hún var skrifuð.

- Steve Coogan, um bókina á náttborðinu.



Þabbi lét mig lofa sér því að ég myndi ekki gifta mig fyrr en eftir þrítugt. Ég hef hugsað mér að standa við það.

- Isabela Moner, sem verður átján ára í júlí.



Uppáhaldsmyndin mín heitir *The Diving Bell and the Butterfly*. Þú hefur aldrei heyrt hennar getið.

- Jason Momoa.





ALLT HEFST MED

NESCAFÉ®

## Allar sögur eiga sér upphaf

*Bumblebee* er sjötta og nýjasta *Transformers*-myndin en um leið forsaga þeirra því hún gerist árið 1987, tuttugu árum áður en atburðirnir í fyrstu *Transformers*-mynd Michaels Bay, sem var fumsýnd árið 2007, áttu sér stað. Í þetta sinn snýst sagan um uppruna uppáhaldsvélmennis margra, hins gula Bumblebees.

Hailee Steinfeld, sem var aðeins 14 ára þegar hún var tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir frábæran leik sinn í myndinni *True Grit* og síðan til Golden Globe-verðlaunanna 2016 fyrir aðalhlutverkið í *The Edge of Seventeen*, leikur hér hina átján ára gömlu Charlie Watson sem er nýbúin að fá bílprófið og dreymir um að eignast bíl. Peningar fyrir honum eru hins vegar af skornum skammti og því hrósar hún happi þegar henni tekst að eignast gamla Volkswagen-bjölluna sem hún finnur í bílakirkjugarði og er eins og fyrir einhverja töfra enn gangfær. Staðráðin í að gera bílinn upp eftir bestu getu fer Charlie með bjöllum heim í bílskúr foreldra sinna þar sem hún á eftir að uppgötva sér til mikillar undrunar að þessi bíll er langt frá því að vera eins og aðrir bílar. Í raun er þetta vélmennið Bumblebee sem er í felum og á flóttu, bæði undan jarðneskum sérsveitarmönnum svo og vélmönnum utan úr geimnum sem ætla sér að eyða því ...



Hin átján ára Charlie er ánægð með „nýja“ bílinn, gula Volkswagen, og hefur til að byrja með ekki hugmynd um hvað býr í raun í honum.


## Bumblebee

Ævintýri / Hasar



**Aðalhlutverk:** Hailee Steinfeld, John Cena, Justin Theroux, Jorge Lendeborg Jr., Angela Bassett, Jason Drucker, Pamela Adlon, Rory Markham, Rachel Crow og Abby Quinn **Leikstjórn:** Travis Knight **Útgefandi:** Síminn og Vodafone

3. apríl



Hættulegustu óvinir Bumblebees eru ekki árennilegir.

### Veistu svarið?

*Bumblebee* er önnur myndin sem Travis Knight leikstýrir en sú fyrri var teiknimynd sem hlaut BAFTA-verðlaunin og var tilnefnd til bæði Óskars- og Golden Globe-verðlaunanna sem besta teiknimynd ársins 2016. Hvaða teiknimynd er um að ræða?



Kubo and the Two Strings

## Punktar .....

- ★★★★ - *Entertainm. W.* ★★★★★ - *IndieWire* ★★★★★ - *The Wrap*
- ★★★★ - *Observer* ★★★★★ - *The Verge* ★★★★★ - *N.Y. Times*
- ★★★★ - *Empire* ★★★★★1/2 - *Telegraph* ★★★★★1/2 - *ReelViews*
- ★★★★1/2 - *N.Y. Post* ★★★★★1/2 - *Variety* ★★★★★1/2 - *L.A. Times*

• *Bumblebee* þykir hin finasta dægrastytting enda hefur myndin eins og sést hlotið góða dóma gagnrýnenda. Segja margir þeirra hana tvímælaust vera besta *Transformer*-ævintýrið til þessa.



Charlie og Bumblebee verða fljótt góðir vinir og um leið samherjar í baráttunni sem framundan er fyrir tilvist Bumblebees.

# NÝ BRAGÐTEGUND RED BELL PEPPER



HEFUR ÞÚ **KJARKINN**  
TIL AÐ PRÓFA?

**Doritos**

## Hver býr á tunglinu?



**Lotta og leyndardómur mánasteinanna** er skemmtileg, fjörug, fróðleg og hæfilega spennandi eistnesk teiknimynd fyrir yngsta aldursþópinn, en hún var tilnefnd sem besta teiknimynd ársins á kvikmyndahátíðinni í Berlín.

Sögurnar um stelpuskottið Lottu og vini hennar eru eftir Heiki Ernits og Janno Pöldma og komu upphaflega út sem stuttir þættir. *Lotta og leyndardómur mánasteinanna* er hins vegar önnur langa myndin um þessar áhugaverðu persónur og segir frá því þegar Lotta og frændi hennar Kláus uppgötva fyrir tilviljun að þrír þríhyrningslaga steinar geyma lykilinn að leyndardómi sem Lotta hefur oft spurt sig að: Býr einhver á tunglinu?



### Punktar .....

- Myndin er að sjálfsgöðu talsett á íslensku svo þau yngstu fá notið hennar sem best og þau sem ljá persónunum raddir sínar eru Þórdís Björk Þorfinnsdóttir, Steinn Ármann Magnússon, Þórhallur Sigurðsson (Laddi), Orri Huginn Ágústsson, Sigurbjartur Atlason, Álfrún Helga Örnólfsdóttir, Hjálmar Hjálmarsson, Karl Pálsson, Eypór Ingi Gunnlaugsson, Ari Freyr Ísfeld Óskarsson, Valdís Eiríksdóttir, Íris Hólm Jónsdóttir, Gunnar Ólason, Þórunn Jenný Qingsu Guðmundsdóttir, Jafet Máni Magnússon, Bjarki Kristjánsson og Agla Bríet Einarsdóttir. Þýðandi handrits var Íris Tanja Flygenring.



Íslensk talsetning: Sjá leikara í punktum  
Leikstjórn: Árni Ólason Útgefandi: Myndform

Teiknimynd

4. apríl

## Sekur uns sakleysi er sannað

Eftir að hafa verið veitt reynslulausn úr fangelsi, staðráðinn í að standa sig, lendir fjölskyldumaðurinn Colin í vanda þegar æskuvinur hans, Miles, ógnar viðkvæmri stöðu hans ítrekað með óábyrgri hegðun þegar þeir eru saman. Hvort er mikilvægara, frelsi hans sjálfs eða venskapurinn við Miles?

Þrátt fyrir alvarlegan undirtóninn inniheldur *Blindspotting* nokkur mjög myndin atriði og er um leið hárbætt ádeila á samfélag þar sem fólk þarf oft að glíma við öfuga sönnunarbyrði. Þetta er mynd sem óhætt er að mæla heilshugar með.

### Punktar .....

★★★★★ - *Variety* ★★★★★ - *C. Sun-Times* ★★★★★ - *RogerEbert.com*  
★★★★★ - *Wash. Post* ★★★★★ - *Village Voice* ★★★★★1/2 - *Time*  
★★★★1/2 - *Slate* ★★★★★ - *CineVue* ★★★★★ - *The New York Times*  
★★★★ - *Film Threat* ★★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *The Observer*

- Fyrir utan að fá frábæra dóma hefur *Blindspotting* hlotið ótal verðlaun og telja margir hana eina af tíu bestu bandarísku myndum ársins 2018.

- Myndin bæði gerist og er tekin upp í borginni Oakland sem stendur við San Francisco-flóa og inniheldur m.a. kraftmikla rapptónlist listamanna frá því svæði sem mörgum þykir frábær.

- Þótt sagan í myndinni sé skáldskapur sækir hún innblásturinn í raunverulega atburði, en handrit hennar er eftir aðalleikarana Daveed Diggs og Rafael Casal sem eru fæddir og uppaldir í Oakland og æskuvinir í raunveruleikanum.



Aðalleikarar *Blindspotting*, Rafael Casal og Daveed Diggs, skrifuðu einnig handritið.



Aðalhl.: Daveed Diggs, Rafael Casal, Janina Gavankar og Ethan Embry Leikstj.: Carlos López Estrada Útg.: Myndform

Glæpadrama

5. apríl

**Pegar arfurinn klárast**

*Tryggð* er fyrsta mynd Ásthildar Kjartansdóttur í fullri lengd og skrifar hún einnig handritið sem er byggt á skáldsögu Auðar Jónsdóttur, *Tryggðarpanti*, en hún var m.a. tilnefnd til íslensku bókmenntaverðlaunanna árið 2006.

Myndin segir frá blaðakonunni Gísellu Dal sem býr ein í stóru húsi ömmu sinnar í Vesturbæ Reykjavíkur og ákveður að leigja út herbergi í því til að ná endum saman fjárhagslega. Úr verður að þær Marisol frá Kólumbíu og Abeba frá Úganda flytja inn, en þeirri síðarnefndu fylgir sjö ára dóttir, Luna. Til að byrja með gengur sambúð kvennanna alveg ágætlega en með tímanum fara alls kyns uppákomur að spilla fyrir, bæði menningartengdir árekstrar svo og deilur vegna þess að Gísell er stöðugt að setja leigjendum sínum nýjar og bindandi reglur. Að lokum kemur svo að því að mælirinn fyllist með óvæntum og alvarlegum afleiðingum ...

**Punktur** .....

- Þótt *Tryggð* sé fyrsta bíómynd Ásthildar Kjartansdóttur hefur hún langa reynslu af kvikmyndagerð og hefur gert fjölda heimildarmynda, leikið sjónvarpsefni og stuttmyndir. Á meðal heimildarmynda hennar má nefna myndina *Nói, Pam og mennirnir þeirra* þar sem viðfangsefnið var einnig mál tengd innflytjendum.
- Framleiðendur myndarinnar eru Ásthildur sjálf og Eva Sigurðardóttir. Ásgrímur Guðbjartsson sá um kvikmyndatöku, Ragna Fossberg um förðun, Helga Jóakimsdóttir um búninga, Stigur Steinþórsson um leikmynda-hönnun og það var Andri Steinn Guðjónsson sem klippti myndina.



Í fyrstu gengur sambúð kvennanna ágætlega en það á eftir að breytast.



**Aðalhl.:** Elma Lís Gunnarsdóttir, Enid Mbabazi og Raffaella Brizuela  
**Leikstj.:** Ásthildur Kjartansdóttir **Útg.:** Sena

**Drama** **5. apríl**

**Maður sér ekki allt sem gerist**

*I Kill Giants* er byggt á samnefndum teiknimyndasögum eftir rithöfundinn Joe Hill og teiknarann J.M. Ken Niimura, en Joe hefur allar götur síðan 1996 skrifað bæði einn og í samvinnu við aðra margar af sögum þekktustu ofurhetjanna sem birst hafa bæði í Marvel- og DC Comics-teiknimyndablöðunum.



Hér segir frá ungri stúlku, Barböru Thorson, sem lifir í sínum eigin heimi og er ekki bara sannfærð um að innrás óvinveittra risa vofi yfir jörðinni heldur og sannfærð um að aðeins hún geti bjargað málunum þegar að því kemur. Fullorðna fólkíð hefur auðvitað miklar áhyggjur af geðheilsu Barböru, en hvað gerist þegar í ljós kemur að hún hafði í raun rétt fyrir sér eftir allt saman?

**Punktur** .....

- ★★★★1/2 - *N.Y. Times* ★★★★★ - *L.A. Times* ★★★★★ - *N.Y. Magazine* ★★★★★ - *Village Voice* ★★★★★1/2 - *C. Sun-Times* ★★★★★1/2 - *ReelViews*

- Leikstjóri *I Kill Giants* er danski Óskarsverðlaunahafinn Anders Walter, en Óskarsverðlaunin hlaut hann árið 2014 fyrir stuttmyndina *Helium* sem einnig var valin besta stuttmynd ársins á mörgum öðrum kvikmynda-hátíðum. Aðrar stuttmyndir hans, *Den talende kuffert*, *9 meter* og *Katusha*, hafa einnig verið hlaðnar verðlaunum á kvikmynda-hátíðum um allan heim, en *I Kill Giants* er fyrsta mynd hans í fullri lengd. Var hún m.a. tilnefnd til áhorfendaverðlaunanna á kvikmynda-hátíðinni í Toronto síðastliðið haust.



Á hverjum degi leitar Barbara (Madison Wolfe) vísbendinga um innrás risanna sem enginn nema hún trúir að sé yfirvofandi.



**Aðalhl.:** Madison Wolfe, Imogen Poots, Sydney Wade og Zoe Saldana **Leikstj.:** Anders Walter **Útg.:** Myndform

**Fantasía/ráðgáta** **5. apríl**



## Ben Is Back

Drama



**Aðalhlutverk:** Julia Roberts, Lucas Hedges, Kathryn Newton, Alexandra Park, Courtney B. Vance, Rachel Bay Jones, Michael Esper og David Zaldivar **Leikstjórn:** Peter Hedges **Útgefandi:** Myndform


5. apríl



Eins og allar mæður myndu gera óttast Holly Burns, móðir Bens, það allra mest að sonur hennar leiðist aftur út í heim eiturlyfjanna.

### Veistu svarið?

Eins og kemur fram hér í upphafstextanum skrifaði leikstjórninn og handritshöfundurinn Peter Hedges hina frægu skáldsögu *What's Eating Gilbert Grape* sem samnefnd mynd var gerð eftir árið 1993. Hvaða leikstjóri leikstýrði þeirri góðu mynd?



Lasse Hallström

## Ekki horfa til baka

*Ben Is Back* er eftir leikstjórnann, handritshöfundinn og Óskarsverðlaunahafann Peter Hedges sem á m.a. að baki myndirnar *Pieces of April*, *Dan in Real Life* og *The Odd Life of Timothy Green* auk þess sem hann skrifaði handritin að myndunum *About a Boy* og *What's Eating Gilbert Grape* sem var jafnframt byggð á hans eigin skáldsögu.

*Ben Is Back* segir frá ungum manni, Ben Burns, sem var bæði djúpt sokkinn og hætt kominn vegna eiturlyfjafíknar og glæpa sem hann framdi til að fjármagna fíkn sína áður en honum tókst að rétta sig af á meðferðarstofnun. Myndin hefst á jóladag þegar Ben kemur óvænt heim í jólafrí þar sem m.a. móðir hans tekur á móti honum. Þótt hún sé auðvitað fegin að það sé í lagi með son sinn og að hann sé edrú er hún jafnframt dauðhrædd um að hann falli á ný. Á þann ótta slær ekki þegar hún kemst að því að einn af fyrrverandi dópfélögum Bens telur hann skulda sér peninga sem hann verði að greiða, ef ekki með peningum þá með öðrum hætti.

Myndin þykir gríðarlega áhrifarík, raunsæ og vel gerð í alla staði og hvetjum við alla sem kunna gott að meta að láta hana ekki fram hjá sér fara.



Ben er leikin af hinum 22 ára Lucas Hedges sem sonur leikstjóra og handritshöfundar myndarinnar, Peters Hedges.

## Punktur .....

★★★★★ - *San Francisco Chronicle* ★★★★★ - *Observer*  
 ★★★★★1/2 - *C. Sun-Times* ★★★★★ - *N.Y. Times* ★★★★★ - *Wrap*  
 ★★★★★ - *Screen* ★★★★★1/2 - *N.Y. Post* ★★★★★1/2 - *R. Ebert.com*  
 ★★★★★1/2 - *R. Stone* ★★★★★1/2 - *Variety* ★★★★★1/2 - *H. Reporter*

• Samleikur þeirra Juliu Roberts og Lucasar Hedges þykir magnaður í myndinni og er einn og sér full ástæða til að sjá hana. Juliu þekkja auðvitað allir en Lucas, sem hefur á undanförunum árum skapað sér nafn sem einn besti ungi karlleikari bandarískra kvikmynda, lék m.a. stór hlutverk í myndunum *Manchester by the Sea* (sem færði honum tilnefningu til Óskarsverðlauna) og Óskarsverðlaunamyndunum *Lady Bird* og *Three Billboards Outside Ebbing, Missouri*.



Kathryn Newton leikur systur Bens, Ivy, en Kathryn er einna þekktust fyrir leik sinn í sjónvarpsþáttunum *Little Woman* og *Big Little Lies*.



Sarah Jessica Parker sést hér við leik í sjónvarpsþætti *The Divorce* 11. mars en hún fjallar á gamansaman hátt um skilnað hennar og eigingamansins sem Thomas Haden Church leikur.



Michael Keaton mætti kátur á forsjóningu Disneymyndarinnar *Dúmbó* í Los Angeles en í henni leikur hann hlutverk gráðuga kallsins sem ógnar öryggi *Dúmbós* og mömmu hans.



Á sama tíma voru þau Ken Jeong og Mila Kunis mætt á forsjóningu teiknimyndarinnar *Undragarðurinn* en í henni tala þau fyrir tvær aðalpersónurnar í ensku talsetningunni.



Leikkonan unga, Isabela Moner, tekur sig bara vel út sem Dóra landkönnuður í væntanlegri mynd um hana og þeirri fyrstu sem er leikin en ekki teiknuð. Finnst ykkur það ekki alla vega?



Það er ekki hægt að segja annað en að þau Liza Koshy og Jason Sudeikis hafi lifað sig inn í það hlutverk sitt að kynna einn sigurvegarann á kvikmyndahátíð unga fólksins í Hollywood.



Kumail Nanjiani og Dave Bautista mæta hér á South by Southwest-hátíðina til að kynna nýjstu mynd Michaels Dowse þar sem þeir fara með stór hlutverk. Myndin heitir *Stuber*.



## Spider-Man: Into the Spider-Verse

Teiknimynd



**Íslensk talsetning:** Hafsteinn Níelsson, Rúnar Freyr Gíslason, Þuríður Blær Jóhannsdóttir, Sveinn Ólafur Gunnarsson, Hilmar Guðjónsson, Davíð Guðbrandsson, Steinn Ármann Magnússon, Valgerður Guðnadóttir, Björgvin Franz Gíslason, Ævar Þór Benediktsson og Sigríður Eyrún Friðriksdóttir **Þýðing og leikstjórn:** Kristinn Sigurpáll Sturluson **Útgefandi:** Sena

5. apríl



### Fleiri en einn ganga með grímuna!

Teiknimyndin *Spider-Man: Into the Spider-Verse* kemur út á BluRay, DVD og VOD-leigunum 5. apríl en hér er um að ræða stórskemmtilegt hliðarævintýri frá hinum venjulegu *Spider-Man*-myndum þar sem aðalsöguhetjan Miles Morales telur sig hinn eina og sanna köngulóarmann – en hefur rangt fyrir sér.

Að því kemst Miles þegar hann kynnist hinum Spider-Man-veröldunum þar sem köngulóarmenn, köngulóarkonur og köngulóardýr hafast við og eru öll gædd sömu ofurhæfileikunum. Þeirra á meðal er Peter Parker sem tekur Miles í kennslustund í sveiflutækinni áður en hann hittir allar hinar köngulóarútgáfurnar, þar á meðal Gwen Stacy, svarta köngulóarmanninn og Spider-Ham, sem er í raun svín.

Úr þessu öllu verður heljarinnar ævintýri, spennandi og mjög myndið, þar sem hersingin þarf að takast á við glæpakónginn Þykka, Wilson Fisk, sem lét síðast á sér kræla í nýjasta *Spider-Man*-tölvuleiknum.

Myndin verður gefin út bæði með íslensku og ensku tali en á meðal þeirra sem tala fyrir persónurnar í ensku útgáfunni eru þau Shameik Moore, Hailee Steinfeld, Liev Schreiber, Nicolas Cage, Mahershala Ali, Jake Johnson, Lily Tomlin, Brian Tyree Henry og Kimiko Glenn.

### Punktur .....

- ★★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *Boston Globe* ★★★★★ - *T. Film*
- ★★★★★ - *Chicago Sun-Times* ★★★★★1/2 - *The New York Times*
- ★★★★1/2 - *Wrap* ★★★★★1/2 - *R. Stone* ★★★★★1/2 - *L.A. Times*
- ★★★★1/2 - *ReelViews* ★★★★★1/2 - *R.Ebert* ★★★★★1/2 - *IGN*
- ★★★★★ - *IndieWire* ★★★★★ - *Time Out* ★★★★★ - *CineVue*

• *Spider-Man: Into the Spider-Verse* hefur eins og sést fengið toppdóma og hlaut bæði BAFTA-, Golden Globe-, og Óskarsverðlaunin í ár sem besta teiknimyndin 2018. Hún er með 8,7 í meðaleinkunn á Metacritic og 8,6 á IMDb. Þetta er frábær mynd sem hvorki kvikmynda- né teiknimyndaunnendur mega láta fram hjá sér fara.





## Grami göldrótti

Teiknimynd



**Íslensk talsetning:** Hjalti Rúnar Jónsson, Vaka Vigfúsdóttir, Álfrún Helga Örnólfsdóttir, Selma Lóa Björnsdóttir, Orri Huginn Ágústsson, Eyþór Ingi Gunnlaugsson, Hjálmar Hjálmarsson, Steinn Ármann Magnússon og Þórhallur Sigurðsson **Leikstjórn:** Tómas Freyr Hjaltason **Útgefandi:** Myndform

11. apríl




## Ævintýri í töfraveröld

Terry er unglingspiltur sem hefur alist upp hjá ömmu sinni í London þar sem hún rekur skemmtigarð. Þegar fjárhagsörðugleikar eru við það að setja skemmtigarðinn á hausinn gerist nokkuð óvænt og Terry er fyrir töfra fluttur yfir í ævintýraheim þar sem hann fær það verkefni að bjarga prinsessu og stöðva hinn göldróttu Grama, en hann hefur ákveðið að banna alla hamingju í veröldinni. Það má honum auðvitað ekki takast!

*Grami göldrótti* er eldfjörug og fyndin teiknimynd eftir Andrés Couturier sem sækir bæði karakterana og innblásturinn að sögunni í teiknimyndaseríu sem gerði það gott á sjöunda áratug síðustu aldar í bandarísku sjónvarpi og nefndist *Here Comes the Grump*.

Grami galdrakarl er ekki alvondur þótt flestir hræðist hann. Honum er bara meinilla við að þeir sem búa í ríki hans séu hamingjusamir og hefur því alfarið bannað hamingjuna með göldrum. Við það er prinsessan Dögun ekki sátt og grípur það því fegins hendi þegar Terry birtist skyndilega úr mannheimum að fá hann í lið með sér við að eyða álögum Grama. Um leið þarf Terry að finna sem fyrst leiðina heim aftur þar sem amma hans og skemmtigarðurinn bíða ...



## Bubbi byggir og bjargar málunum

Þættirnir um Bubba hafa komið út síðan 1998 og nú þegar 20. þáttaröðin hefst hafa bæði hann sjálfur og allt hans umhverfi hans breytt um svip!

Þótt þessir nýju þættir um Bubba, sem hefja göngu sína á DVD og á sjónvarpsleigunum 11. apríl, séu með öðru sniði en áður og útlitið og umhverfið hafi breyst er hjartað á sínum stað. Hér er um að ræða fyrstu 8 þættina af 48 og við hvetjum að sjálfsögðu bæði gamla og nýja aðdáendur til að fylgjast með frá byrjun og upplifa öll þau fjölmörgu verkefni sem Bubbi og vinir hans eiga fyrir höndum ...

### Punktar .....

- Þættirnir um Bubba byggi eru að sjálfsögðu vandlega talsettir á íslensku svo þau yngstu fái notið þeirra sem best en þýðandi er Hildigunnur Þráinsdóttir. Þau sem ljá persónunum raddir sínar eru Sigurbjartur Sturla Atlason, Aðalbjörn Tryggvason, Þórhallur Sigurðsson (Laddi), Valdís Eiríksdóttir, Íris Hólm Jónsdóttir, Bjarki Kristjánsson, Steinn Ármann Magnússon, Agla Bríet Einarsdóttir, Karl Pálsson, Þórdís Björk Þorfinnsdóttir og Gunnar Ólason.



Aðalhlutverk: Sjá leikara í punktum  
Leikstjórn: Árni Ólason Útgefandi: Myndform

Barnaefni

11. apríl

## Það sem hendir eina hendir allar

*What Happened to Monday* er vísindaskáldsaga sem gerist þegar yfirvöld hafa lagt blátt bann við því að fólk eignist fleiri en eitt barn og hafa öll yngri systkini verið svæfð. Allir þurfa að ganga með ökklabönd. Enn vita samt yfirvöld ekki af því að í húsi einu búa sjö systur, sjöburar, sem líta allar eins út og hafa komist af með því að þykjast vera ein og sama manneskjan.

Móðir systranna lést við að fæða systurnar og við þeim tók afi þeirra sem hefur síðan passað upp á að einungis ein þeirra fari út í einu, t.d. til að sækja skóla. Hann nefndi þær eftir vikudögnum, þ.e. Monday, Tuesday, Wednesday, Thursday, Friday, Saturday og Sunday, og fær hver þeirra einungis að fara út á þeim degi sem hún er nefnd eftir. Að því kemur þó að mistök eru gerð sem koma yfirvöldum á sporið og barátta afans og systranna fyrir tilverunni breytist í æsilegan flótta ...

### Punktar .....

★★★★ - *The Playlist* ★★★★★ - *The Wrap* ★★★★★ - *ReelViews*

- Leikstjóri myndarinnar er norskur Íslandsvinurinn Tommy Wirkola sem sló í gegn með *Død snø* hér um árið og gerði svo framhaldsmyndina *Død snø 2* (sem var að mestu tekin upp á Eyrarbakka og þar um kring) og Hans og Grétu-myndina *Witch Hunters*.

- Handrit myndarinnar, sem er eftir Max Botkin og Kerry Williamson, var árið 2010 á svarta listanum svokallaða í Hollywood yfir áhugaverðustu handritin sem ekki var búið að kvikmynda. Það sækir að sumu leyti innblástur í bók Kurts Vonnegut, *2BR02B*.



Noomi Rapace leikur sjöfalt hlutverk í myndinni, þ.e. allar sjö systurnar.



Aðalhl.: Noomi Rapace, Glenn Close, Willem Dafoe og Marwan Kenzari Leikstj.: Tommy Wirkola Útg.: Myndform

Spenna/hasar

12. apríl



**Aðalhl.:** Tarek Boudali, Philippe Lacheau, Charlotte Gabris og Andy Raconte **Leikstj.:** Tarek Boudali **Útg.:** Myndform

**Gamanmynd**

**12. apríl**

<sup>ekki alltaf</sup>  
**Blekking er besta ráðið**

Yassine er frá Marokkó en hefur dvalið í nokkur ár í Frakklandi á námsmannavísu. Dag einn gerir hann þau mistök að gleyma að mæta til að endurnýja dvalarleyfið og er þá samstundis orðinn ólöglegur í landinu. Til að bjarga máluðum ákveður hann að fá besta vin sinn, Fred, til að giftast sér, en það skapar auðvitað fjölmörg ný vandamál, bæði fyrir- og ófyrirséð ...

*Gifstu mér, félagi*, eða *Épouse-moi mon pote*, er fyrsta mynd Tareks Boudali sem leikstjóra og handritshöfundar en hann er mun þekktari sem leikari og lék t.d. í *Babysitter*-myndunum og *Alibi* sem allar nutu mikilla vinsælda. Hann leikur hér einnig hinn lánlausa Yassine sem gleymir að mæta í útflendingaefirlitið og á því yfir höfði sér brottvísun þegar til hans næst. Það má ekki gerast en vandamálið við að giftast Fred er að hvorugur þeirra er samkynhneigður og því þurfa þeir einnig að leika það hlutverk þegar maður frá útflendingaefirlitinu bankar upp á ...



Til að bjarga dvalarleyfinu ákveður Yassine að fá besta vin sinn, Fred, til að giftast sér.



Leikstjórinn Jordan Peele mætti á forsyningu myndar sinnar *Us* í MOMA-nýlistasafninu í New York 19. mars og að sjálfsgöðu var aðalleikkona myndarinnar, Lupita Nyong'o, mætt líka.



Arnold Schwarzenegger hjólar þessa dagana um götur Los Angeles en hann mun næst birtast á hvíta tjaldinu í október, og þá enn á ný sem tortímandinn í *Terminator: Dark Fate*.



Þrátt fyrir að vera skilin halda þau Ben Affleck og Jennifer Garner í venskapinn og eyða miklum tíma saman. Þessi mynd var tekin af þeim á röltinu í Santa Monica 19. mars.



## Getur þú leyst þrautina?

Sex ungmenni sem þekkjast ekki innbyrðis fá dag einn senda litla gesta-þraut sem reynist, þegar hún hefur verið leyst, innihalda boð um að mæta á ákveðinn stað á ákveðnum tíma og keppa þar um milljón dollara við að leysa aðra stærri þraut. Það sem þau vita ekki, og komast ekki að fyrr en þrautin er byrjuð, er að nái þau ekki að leysa hana munu þau öll deyja.

Escape Room er ekta fín affreying fyrir fólk sem vill sjá spennubrúninginn hasar, kryddaðan dularfullri ráðgátu því hvorki áhorfendur né hinar sex aðalpersónur myndarinnar fá að vita hver eða hverjir standa á bak við hina lífshættulegu þraut þótt þau geri sér smám saman grein fyrir að það er ástæða fyrir því að þau voru valin til að leysa hana. Þar sem við viljum auðvitað ekki skemma fyrir þeim sem ekki hafa séð myndina segjum við ekki orð meira um söguna eða framvinduna!

## Punktur .....

★★★★1/2 - *Wrap* ★★★★★1/2 - *Hollyw. Reporter* ★★★★★1/2 - *N.Y. Magazine*  
★★★★1/2 - *IGN* ★★★★★ - *Los Angeles Times* ★★★★★ - *The Guardian*

- Leikstjóri og handritshöfundur *Escape Room* er Adam Robitel og er þetta þriðja mynd hans í fullri lengd, en þær fyrri voru hrollvekjurnar *Insidious: The Last Key* og *The Taking of Deborah Logan*. Þess má geta að hann leikur sjálfur eitt aukahlutverkið í myndinni. Gáið hvort þið sjáið hann.



Ungmennin lenda í miklum vanda þegar þrautin sem þau þurfa að leysa til að bjarga lífinu reynist flóknari en þau sáu fyrir.

- Myndin gekk mjög vel í kvikmynda-húsum eins og reiknað hafði verið með fyrirfram og þykir ekki ólíklegt að gerð verði framhaldsmynd. Það hefur þó ekki verið staðfest.



**Aðalhlutverk:** Taylor Russell, Logan Miller, Deborah Ann Woll og Jay Ellis **Leikstj.:** Adam Robitel **Útg.:** Sena

Spenna/ráðgáta

12. apríl



## Sekur eða saklaus?

Óþekktur maður hefur fangað hæsta-réttardómarann Oliver Straight sem hann ákærir í beinni netútsendingu fyrir réttarmorð. Hann fer fram á að almenningur hlusti á hann flytja mál sitt og felli síðan úrskurð um sekt eða sakleysi dómarans.

Mannræninginn bregður sér hér í hlutverk saksóknara og böðuls en ljóst er frá upphafi að hann telur dómarann hafa dæmt saklausan mann til dauða og sé því sjálfur sekur um morð. Fallist áhorfendur (kviðdómur) á að hann hafi rétt fyrir sér og úrskurði dómarann sekan ætla hann sér að taka hann af lífi. Fyrir lögregluna er þetta „réttarhald“ því kapphlaup við tímann, en auk þess leynist í sögunni óvænt flétta.



Spennymynd

12. apríl



Donald Sutherland leikur dómarann Oliver Straight í *American Hangman*.

## Punktur .....

★★★★1/2 - *Film Threat*

- Leikstjóri myndarinnar, Wilson Coneybeare, skrifaði einnig handritið og sótti að eigin sögn innblásturinn í hinn harða „dómstóll götunnar“ sem dæmir oft án þess að vita allar staðreyndir mála og kringumstæður í þeim. Hvernig bregst þessi dómstóll við þegar honum er fært raunverulegt dómssvald?

**Aðalhlutverk:** Donald Sutherland, Vincent Kartheiser, Oliver Dennis og Paul Braunstein **Leikstjórn:** Wilson Coneybeare **Útgefandi:** Sena



Zachary Levi og Mark Strong sem leika svarna andstæðinga í ofurhetjumyndinni *Shazam!* voru eins og sést kampakátir á kynningu á myndinni sem haldin var í London 20. mars.

## Næstum því sönn saga

*The Old Man & the Gun* er lauslega byggð á sögu bankaræningjans Forrests Tucker sem var fyrst dæmdur í fangelsi 15 ára gamall en náði að flýja átján sinnum úr fangelsi í rúmlega 30 flóttatilraunum og tók ætíð strax upp sína fyrri uppáhalds-iðju, þ.e. bankarán – þangað til honum var stungið inn aftur.

Sagan um Forrest Tucker er hér sögð á gamansaman hátt og gerist að mestu eftir að hann flýr á ótrúlegan hátt úr San Quentin-fangelsinu. Forrest, sem virtist ekki síður njóta þess að láta lögregluna elta sig en að ræna banka, tekur þegar upp fyrri iðju og er fljótlega orðinn einn eftirlýstasti maðurinn í landinu. En Forrest hefur bara gaman af því, staðráðinn í að ræna enn fleiri banka ...



Sissy Spacek og Robert Redford í hlutverkum sínum sem þau Jewel og margdæmdi bankaræninginn og flóttamaðurinn Forrest Tucker.

## The Old Man & the Gun

Gamandrama / Sannsögulegt



**Aðalhlutverk:** Robert Redford, Casey Affleck, Sissy Spacek, Danny Glover, Tom Waits, Tika Sumpter og Ari Elizabeth Johnson **Leikstjórn:** David Lowery **Útgefandi:** Myndform

17. apríl



Tom Waits leikur Waller, vin og vitorðsmann Forrests Tucker.

### Veistu svarið?

Robert Redford, sem hér með er sestur í helgan stein, er margverðlaunaður og hlaut m.a. tvönn Óskarsverðlaun á ferlinum, annars vegar fyrir framlag sitt til kvikmyndanna árið 2002 og hins vegar árið 1981 fyrir leikstjórn á ... hvaða mynd?



Ordinary People

## Punktur .....

★★★★★ - *Observer* ★★★★★1/2 - *L.A. Times* ★★★★★1/2 - *Variety* ★★★★★1/2 - *Rolling Stone* ★★★★★1/2 - *Chicago Sun-Times* ★★★★★1/2 - *R.Ebert.com* ★★★★★1/2 - *Vanity Fair* ★★★★★ - *IGN* ★★★★★ - *Entert. W.* ★★★★★ - *IndieWire* ★★★★★ - *The Guardian* ★★★★★ - *Screen International* ★★★★★ - *The New Yorker*

- Robert Redford, sem verður 83 ára í ágúst og á 60 ára feril að baki sem leikari, hefur látið hafa eftir sér að *The Old Man & the Gun* sé síðasta myndin sem hann leikur í og að hann hefði viljað ljúka ferlinum með léttari gamanmynd sem flestir gætu haft gaman af.
- Þeir sem þekkja feril Roberts Redford munu finna í *The Old Man & the Gun* nokkrar skemmtilegar tilvísanir í þekktustu myndir hans, t.a.m. í *Butch Cassidy and the Sundance Kid*, *The Sting* og fleiri.
- Leikstjóri myndarinnar, David Lowery, á m.a. að baki myndirnar *Pete's Dragon*, *A Ghost Story* og *Ain't Them Bodies Saints*.



Casey Affleck leikur alríkislögreglumanninn John Hunt sem er á eftir Forrest Tucker en þykir jafnframt mikið til hans koma.



## Mortal Engines

Vísindaskáldsaga



**Aðalhlutverk:** Hera Hilmar, Hugo Weaving, Stephen Lang, Robert Sheehan, Jihae, Frankie Adams, Colin Salmon, Leila George og Caren Pistorius **Leikstjórn:** Christian Rivers **Útgefandi:** Myndform

17. apríl



### Veistu svarið?

Hera Hilmar dóttir Hilmars Oddssonar og Þóreyjar Sigþórsdóttur og átti því ekki langt að sækja leiklistaráhugann í æsku enda lék hún í sinni fyrstu bíómynd aðeins sjö ára að aldri. En fyrir leik í hvaða tveimur myndum hlaut hún Edduverðlaunin?




Vonarsæti og Elðinn

## Sum sár gróa aldrei

Eftir að hafa mistekist að taka Thaddeus Valentine af lífi nær Hester Shaw naumlega að sleppa frá risaborginni London út í eyðimörkina þar sem þrautaganga hennar hefst fyrir alvöru.

*Mortal Engines* er byggð á samnefndri og margverðlaunaðri bók breska rithöfundarins Philips Reeve, en hún kom út í íslensku þýðingu síðastliðið sumar undir heitinu *Vítisvélur*. Þetta er magnað framtíðarævintýri sem gerist eftir um þrjú þúsund ár þegar heilu borgirnar eru komnar á færanlegan grunn og mannfólkið ferðast á þeim um Jörðina í leit að orku til að knýja þær. Til að fá þessa orku gleypa borgirnar m.a. í sig aðrar minni borgir og bæi og verða um leið íbúum þeirra að fjörtjóni.



Hera Hilmar dóttir, eða Hera Hilmar eins og hún kys að kalla sig, fer með hlutverk Hester Shaw sem á harma að hefna gegn einum aðalmanninum í stærstu borginni London, Thaddeusi Valentine, eftir að hann hafði ráðist á heimabæ hennar, Salthook. Eftir misheppnaða tilraun til að ráða Thaddeus af dögum þarf Hester að flýja borgina og út í eyðimörkina þar sem hún gengur í lið með fólki sem er staðráðið í að komast inn í London á ný. En það er hægara sagt en gert ...



Hera Hilmar leikur aðalsöguhetjuna Hester Shaw, en hún á harma að hefna gegn hinum valdamikla Thaddeus Valentine sem ber ábyrgð á að heimabæ hennar, Salthook, var eytt og líf hennar lagt í rúst.

## Punktur .....

★★★★1/2 - *Wrap* ★★★★★1/2 - *ReelViews* ★★★★★1/2 - *N.Y. Magaz.*  
★★★★ - *USA Today* ★★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *The New York Times*

• Aðalframleiðandi *Mortal Engines* er Peter Jackson, höfundur *Lord of the Rings*- og *Hobbit*-þrileikjanna, og skrifaði hann einnig handritið ásamt eiginkonu sinni Fran Walsh og Philippu Boyens.




Hugo Weaving leikur hinn óforskammaða Thaddeus Valentine sem er einn af valdamestu mönnum í risaborginni London.

Elías bjargar málunum!

Norsku verðlaunateiknimyndirnar um björgunarbátinn Elías og vini hans eru allt í senn litríkar, myndar, fræðandi og hæfilega spennandi fyrir yngri kynslóðir áhorfenda.

Þættirnir um ráðagóða björgunarbátinn Elías og vini hans, Trolla, Kraneyju, Doppu, Kalla, Gláð og alla hina, voru fastir póstar í barnatímum sjónvarpsins á árum áður og nutu mikilla vinsælda bæði smáfólksins og hinna fullorðnu, enda afar vandaðir í alla staði með góðum og gagnlegum boðskap sem á alltaf við. Í þessari útgáfu er að finna þætti 25-31 í seríu 3.



VOD L 80 min

Teiknimyndir um dráttarbátinn Elías og vini hans  
Íslensk talsetning Útgefandi: Myndform

Barnaefni

17. apríl

Viljinn til að sigra

Sannsöguleg mynd um kvennablaðið West High-menntaskólans í Iowa borg í Iowa-ríki sem varð fyrir þeirri blóðtöku í ágúst 2011 að fyrirliði þeirra og besta og vinsælasti leikmaðurinn, Caroline „Line“ Found, lét lífið í hörmulegu umferðarslysi sem um leið svipti hinar stúlkurnar allri leikgleði.

*The Trojans*, eins og kvennablaðið West High-skólans var nefnt, hafði unnið ríkis-meistaratitilinn veturinn á undan og þegar Line dó var stutt í að keppnin hæfist að nýju. Nokkrar af liðsfélögum hennar urðu fyrir svo miklu áfalli að þær gátu ekki mætt til leiks og það kom í hlut þjálfara þeirra, Kathy Bresnahan, að stappa í þær stálinu. Það sem síðan gerðist vakti gríðarlega athygli um gervöll Bandaríkin og hefur keppnisárið 2011–2012 síðan verið nefnt „The Miracle Season“ í Iowa-ríki ...

**Punktur** .....  
 ★★★★★ - RogerEbert.com ★★★★★ - Washington Post ★★★★★ - Variety

• Sú sem leikur Ruby, Makena Lei, er í raun dóttir leikkonunnar Helenar Hunt.



VOD L 101 min

Aðalhlutv.: Helen Hunt, Erin Moriarty, William Hurt og Danika Yarosh  
Leikstj.: Sean McNamara Útg.: Myndform

Sannsöguleg

17. apríl



Það er Óskarsverðlaunaleikkonan Helen Hunt sem leikur þjálfara liðsins, Kathy Bresnahan, sem hér faðmar að sér einn leikmanninn, Kelley Fliehler (Erin Moriarty).



## Leitin að hamingjunni

**Vesalings elskendur** er stórskemmtileg, rómantísk og um leið launfyndin mynd um tvo bræður, þá Óskar og Magga, sem langar báða til að finna þá einu réttu en bera sig misjafnlega að við að láta drauma sína ræstast.

Fyrir utan að þeir Óskar og Maggi (Björn Thors og Jóel Sæmundsson) eru tiltölulega rólegir í tíðinni eiga þeir það sameiginlegt að hafa ekki átt auðvelt með að láta sambönd sín við hitt kynið ganga upp, a.m.k. ekki eins og þeir hefðu viljað. Hins vegar eru þeir gjörólíkir að því leyti að á meðan Maggi hoppar úr einu sambandinu í annað, alltaf í þeirri vissu að í þetta sinn hafi hann hitt hina einu réttu, forðast Óskar að bera tilfinningar sínar á borð og er því mun óreyndari en bróðir hans í þessum efnum. Inn í söguna og þá um leið inn í málefni bræðranna blandast ýmsar persónur sem tengjast þeim vinar- eða fjölskylduböndum og að sjálfsgöðu nokkrar konur, þ. á m. dýralæknirinn Anna sem Óskar hefur lengi verið hrifinn af ...

### Punktur .....

- Leikstjóri myndarinnar og handritshöfundur er Svíinn Maximilian Hult sem átti að baki fjölda stutt- og heimildarmynda, tónlistarmyndbönd og auglýsingar þegar hann sendi frá sér sína fyrstu bíómynd, *Hemma*, árið 2013. Sú mynd hlaut fjölda verðlauna og viðurkenninga, þ. á m. tilnefningu til sænsku kvikmyndaverðlaunanna og tvær tilnefningar til íslensku Eddu-verðlauna árið 2014 enda var hún eins og *Vesalings elskendur* gerð í samvinnu við íslenska aðila.



Jóel Sæmundsson og Björn Thors leika bræðurna Magga og Óskar sem þrátt fyrir að vera bæði góðir vinir og samrýndir hafa mjög ólíka sýn á ýmsa hluti, ekki síst hvað varðar ástamálin.

**Aðalhl.:** Björn Thors, Jóel Sæmundsson, Sara Dögg Ásgeirsdóttir og Edda Björgvinsdóttir **Leikstjóri:** Maximilian Hult **Útg.:** Sena

Gaman/rómantik

17. apríl



## Engin lausn er of langsótt

**Snjallasti rannsakandi allra tíma, Sherlock Holmes, og hinn sauðtryggi aðstoðarmaður hans, læknirinn John Watson fá hér til úrlausnar morð sem ekki er búið að fremja. Að sjálfsgöðu er það prófessor Moriarty, erkióvinur Holmes, sem stendur að baki þeim óskunda, en morðið segist hann ætla að fremja eftir fjóra daga. Leysa þeir Sherlock og Watson gátuna í tíma?**

Það gerir málið enn vandasamara að prófessor Moriarty hefur látið uppi að hann hyggist myrða sjálfa Viktoríu Bretadrottningu. Þar sem það liggur ljóst fyrir að hann er ekki að grínast hvíla því sjálf örlög konungdæmisins á herðum þeirra Sherlocks og Watsons og innsæi þeirra. Það reynist hins vegar hægara sagt en gert að finna lausnina auk þess sem þeir Sherlock og Watson eiga það til að taka verulega vanhugsuð hliðarspor sem leiða þá oftast út í hinar mestu ógöngur ...

Auk þeirra Wills Ferrell og Johns C. Reilly fara fjölmargir þekktir leikarar með hlutverk í myndinni, þ. á m. Ralph Fiennes sem leikur Moriarty prófessor, Kelly Macdonald sem leikur ráðskonu Holmes, ungrú Hudson, Hugh Laurie sem leikur Mycroft, eldri bróður Sherlocks, Pam Ferris sem leikur Viktoríu drottningu, Rob Brydon sem leikur Lestrade löggluforingja, Rebecca Hall sem leikur lækninn Grace Hart og Steve Coogan sem leikur furðufuglinn Gustav Klingner.

### Punktur .....

- Eins og flestir sem fylgjast með kvikmyndum vita þá nýtur *Holmes & Watson* þess vafasama heiðurs að hafa verið tilnefnd til sex Razzie-verðlauna í ár og hlotið fern. En í huga margra gerir það þennan farsa bara enn áhugaverðari enda er smekkur fólks misjafn.



John C. Reilly og Will Ferrell leika þá Watson lækni og Holmes sem hér rannsaka dularfullt morð sem enginn hefur enn framið.

**Aðalhlutv.:** Will Ferrell, John C. Reilly, Ralph Fiennes, Rebecca Hall og Hugh Laurie **Leikstjóri:** Etan Cohen **Útg.:** Sena

Gamanmynd/farsi

17. apríl







**Aðalhl.:** Natalie Portman, Lily-Rose Depp, Emmanuel Salinger og Amira Casar **Leikstj.:** Rebecca Zlotowski **Útg.:** Myndform

**Fantasía/ráðgáta**

**17. apríl**

## Njótum á meðan það endist

**Þær Laura og Kate Barlow eru systur sem ferðast um með sýningaratriði sem sannfærir marga um að þær, og þá sérstaklega Kate, séu gæddar skyggigáfu og geti náð sambandi við framliðna. Þegar forríkur maður að nafni André Korben bitur á agnið og pantar einkatíma (sem er tilgangur sýningaratriðisins) hefst bæði óvenjuleg og ófyrirsjáanleg atburðarás.**

*Planetarium*, sem í Bandaríkjunum var sýnd undir heitinu *The Summoning*, gerist í Frakklandi undir lok þriðja áratugar síðustu aldar og í bakgrunninum er pólitísk ólga í Evrópu og vaxandi gyðingaandúð. Þær Laura og Kate eru bandarískar og hafa hinar „dulrænu“ sýningar þeirra vakið talsverða lukku á meðal hástéttarinnar og gert þær sjálfar vel efnaðar. En mikið vill meira og stundum er erfitt að hætta ...

### Punktur .....

★★★★1/2 - *CineVue* ★★★★★1/2 - *L.A. Times* ★★★★★ - *Screen International*

- Leikstjóri *Planetarium* og annar handritshöfundanna er Rebecca Zlotowski, sem sendi síðast, eða árið 2013, frá sér myndina *Grand Central* sem hlaut fjölmörg verðlaun.

- Natalie Portman, sem eftir að hafa komið nakin fram í myndinni *Hotel Chevalier* eftir Wes Andersons árið 2007, sór þess eidd að koma aldrei aftur nakin fram í kvikmynd. Hún stendur ekki við það heit í *Planetarium*.

- Sú sem leikur yngri systurina, Lily-Rose Depp, er eins og nafnið bendir til dóttir Johnnys Depp og Vanessu Paradis. Hún verður tvítug 27. maí nk.



Systurnar Laura og Kate Barlow eru leiknar af Natalie Portman og Lily-Rose Depp.

## Allt hefur afleiðingar

**William Foster er vísindamaður sem ásamt félaganum sínum Ed Whittle hefur þróað aðferð til að færa minni látinna einstaklinga yfir í vélmenni. Þegar eiginkona Williams, Mona, lætur lífið í bílslysi ásamt þremur börnum þeirra fær hann Ed til að hjálpa sér að færa minni þeirra yfir í klónaða líkama svo þau geti lifað á ný. Hvorugur gerir sér grein fyrir afleiðingunum.**

Vísinda- og hátæknityllirinn *Replicas* gerist í Púertó Ríkó þar sem þeir William og Ed starfa við að búa til vélmenni sem geta tekið við minningum og reynslu látinna hermanna og komið í þeirra stað. Þegar eiginkona Williams og börn þeirra þrjú deyja verður yfirþyrmandi sorgin til þess að ekkert annað kemst að í kalli hans en að „lífga“ þau aftur við með hinni hávísindalegu tækni. Það tekst, með einni undantekningu, en skapar um leið mörg önnur vandamál sem erfitt reynist að eiga við ...

### Punktur .....

- Replicas* er fyrsta bíómynd leikstjórans Jeffrey Nachmanoff í ellefu ár eða allt frá því hann sendi frá sér hina þrælfinu mynd *Traitor* árið 2008.

- Handrit myndarinnar er eftir Chad St. John sem skrifaði m.a. handrit myndanna *Peppermint* og *London Has Fallen*, en sagan er eftir Stephen Hamill sem samdi einnig sögur myndanna *Henry's Crime* og *Siberia* – sem voru einnig báðar með Keanu Reeves í aðalhlutverki. Báðar þær myndir, svo og *Replicas* eru framleiddar af fyrirtækinu Company Films sem þeir Stephen og Keanu eiga saman og framleiddi m.a. líka myndina *John Wick*.



Keanu Reeves leikur vísindamanninn William Foster sem grípur til örþrífaraða þegar eiginkona hans og börn deyja.



**Aðalhl.:** Keanu Reeves, Alice Eve, Thomas Middleditch og John Ortiz **Leikstj.:** Jeffrey Nachmanoff **Útg.:** Myndform

**Vísindaskáldsaga**


**24. apríl**



## Tilbúin í breytingar?

*Juliet, Naked* er sérlega skemmtilegt rómantískt gamandrama og „feel good“-mynd þar sem tónlist kemur mikið við sögu.

Myndin, sem er byggð á einni af skáldsögum Nicks Hornby (*About a Boy*, *High Fidelity*), er í leikstjórn Jesse Peretz (*My Idiot Brother*) og framleidd af Judd Apatov (*The 40 Year-Old Virgin*, *Knocked Up*, *Superbad*, *Step Brothers*, *Bridesmaids*, *Begin Again*, o.m.fl.). Í aðalhlutverkum eru þrír frábærir leikarar, Rose Byrne, Chris O'Dowd og Ethan Hawke sem óhætt er að segja að fari hér á kostum, en þau fengu mjög frjálssar hendur við túlkun persónanna og leika af fingrum fram í mörgum atriðanna.



Sagan er um Önnu Platt sem er vægast sagt orðin þreytt á unnu sínum til 15 ára, Duncan, ekki síst vegna þráhyggju hans í garð tónlistarmannsins Tuckers Crowe sem hvarf af sjónarsviðinu fyrir 25 árum og Duncan telur merkilegasta tónlistarmann allra tíma. Þegar tilviljun verður til þess að þau Anna og Tucker hittast fer í gang stórskemmtileg atburðarás sem allir áhorfendur hafa gaman af ...



Þegar Duncan hittir Tucker fyrst hefur hann ekki hugmynd um að þar sé komið hið löngu horfna átrúnaðargoð hans í tónlistinni.

## Juliet, Naked

Gamandrama / Rómantík / Tónlist



**Aðalhlutverk:** Rose Byrne, Chris O'Dowd, Ethan Hawke, Azhy Robertson, Lily Brazier, Ayoola Smart, Denise Gough, Eleanor Matsuura og Megan Dodds **Leikstjórn:** Jesse Peretz  
**Útgefandi:** Myndform

24. apríl



Eftir fimmtán ára samband eru samskipti þeirra Önnu og Duncans orðin verulega súr á köflum, ekki síst vegna þráhyggju Duncans.

### Veistu svarið?

Leiðir þeirra Ethans Hawke, Rose Byrne og Chris O'Dowd hafa áður leggið saman í nokkrum verkefnum en þau eru hvert af sínu þjóðerni og ekkert þeirra er enskt. Af hvað þjóðerni eru þau?



Ethan er bandarískur, Rose er áströlsk og Chris er írskur.

## Punktur .....

★★★★1/2 - *L.A. Times* ★★★★★ - *Entert. W.* ★★★★★ - *Observer*  
★★★★ - *Vanity Fair* ★★★★★ - *Village Voice* ★★★★★1/2 - *Variety*

• Rose Byrne var komin á sjöunda mánuð á leið þegar tókur á *Juliet, Naked* hófust og þurftu kvikmyndatöku- og sviðsstjórar myndarinnar að grípa til margvíslegra brellna til að fela bumbuna.



Sonur Tuckers og eitt af fimm börnum hans, Jason, kemur talsvert við sögu í myndinni og er leikinn af hinum unga Azhy Robertson.



**Aðalhlutv.:** John C. Reilly, Steve Coogan, Shirley Henderson og Nina Arianda **Leikstjórn:** Jon S. Baird **Útg.:** Myndform

**Sannsgulegt**

**24. apríl**

## Hin ósagða saga

Stan Laurel og Oliver Hardy voru á árunum 1930 til 1950 einhver vinsælasti grínúett heims og gerðu saman fjölda mynda sem nutu mikillar hylli, þ. á m. á Íslandi þar sem þeir voru yfirleitt kallaðir Gæg og Gokke, sem var danska heitið, eða Steini og Olli á íslensku. *Stan & Ollie* gerist undir lok ferils þeirra félaga þegar þeir sneru til Englands og héldu svo í sína síðustu sýningarferð.

Það eru þeir John C. Reilly og Steve Coogan sem bregða sér hér í gervi þeirra Stans Laurel og Olivers Hardy og gera það á nánast fullkominn hátt. Myndin gerist á sjötta áratug síðustu aldar þegar þeir félagar koma til Bretlands eftir áralanga vist í Hollywood og ákveða að fara í sýningarferðalag um Bretlandseyjar. Sú ferð gengur hins vegar upp og niður, bæði vegna þess að ferill þeirra er á fallanda fæti þegar þarna er komið sögu og vegna þess Laurel var farinn að tapa heilsu. Þykir myndin lýsa bæði sambandi félaganna innbyrðis og sýningarferðinni á eins sannferðugan hátt og nokkur kostur er. Þetta er ljúfsár mynd sem við mælum heilshugar með.

## Punktur .....

- ★★★★★ - *S.F. Chronicle* ★★★★★ - *Observer* ★★★★★1/2 - *L.A. Times*
- ★★★★1/2 - *IGN* ★★★★★1/2 - *Washingt. Post* ★★★★★1/2 - *R.Ebert.com*
- ★★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *R. Stone* ★★★★★ - *Variety* ★★★★★ - *Screen*

• Handritið að *Stan & Ollie* þykir afar gott en það er skrifað af Jeff Pope sem hlaut fjölda verðlauna fyrir síðasta bíómyndahandrit sitt, *Philomena*, þ. á m. BAFTA-verðlaunin og tilnefningu til Óskarsverðlauna.

• Myndin er byggð á bókinni *Laurel & Hardy - The British Tours* eftir A.J. Marriot sem kom út 1993 og innihélt ítarlegar heimildir, efni og upplýsingar um þessa síðustu sýningarferð Steina og Olla og samband þeirra.



John C. Reilly og Steve Coogan eru frá-bærir í aðalhlutverkum myndarinnar.

## Ævintýrið um Ronju í nýjum búningi

Þessi 26 þátta teiknimynda-sería, sem byggð er á hinni víðfrægu og ástsælu bók Astridar Lindgren, hefur verið sýnd á RÚV og er eftir japanska listamanninn Gorō Miyazaki, son Hayaos Miyazaki sem gerði m.a. *Spirited Away* og *Princess Mononoke*.

Ævintýrið um Ronju ræningjadóttur kom út árið 1981 og skipaði sér þegar í flokk með bestu bókum Astridar Lindgren, þ. á m. bókunum um Línu langsokk og Emil í Kattholti. Sagan er um hana Ronju sem elst upp í ræningjakastala á miðöldum í Svíþjóð. Hún verður fljótlega mjög forvitin um umhverfi sitt og lendir í ýmsum ævintýrum í skóglendinu umhverfis kastalann þar sem alls kyns kynjaverur hafast við. Þegar hún síðan kynnist jafnaldra sínum, strák sem reynist sonur svarinna andstæðinga foreldra hennar, breytist allt ...

Þessi útgáfa inniheldur þætti 24 til 26 sem hver fyrir sig er 25 mínútur að lengd. Þess má geta að þættirnir hlutu alþjóðlegu Emmy-verðlaunin 2016 í flokki teiknaðs barnaefnis.



**Teiknimyndir** með íslensku tali um ævintýri Ronju ræningjadóttur **Útgefandi:** Myndform

**Barnaefni**

**24. apríl**





## Instant Family

Gamandrama



**Aðalhlutverk:** Mark Wahlberg, Rose Byrne, Isabela Moner, Gustavo Quiroz, Julianna Gamiz, Octavia Spencer, Margo Martindale, Joan Cusack, Tom Segura og Julie Hagerty **Leikstjórn:** Sean Anders **Útgefandi:** Vodafone


24. apríl



Á meðal þeirra sem fara með aukahlutverkin í myndinni er Margo Martindale sem leikur móður Petes og um leið ömmu systkinanna.

### Veistu svarið?

Hin 17 ára gamla Isabela Moner er upprennandi stjarna í heimi bandarískra kvikmynda en hún hóf leikferilinn aðeins tíu ára að aldri og lék síðast í myndinni *Sicario 2: Soldado*. En í hvaða mynd frá árinu 2017 lék hún fyrst á móti Mark Wahlberg?



Transformers: The Last Knight

### Hvað gæti farið úrskeiðis?

Þegar barnlausu hjónin Pete og Ellie sjá auglýsingu frá ættleiðingastofnun ákveða þau að skoða þann möguleika að ættleiða barn í stað þess að eignast eitt sjálf. Sú ákvörðun á eftir að vinda upp á sig þegar „skoðunarferðin“ leiðir til þess að þau verða foreldrar þriggja systkina sem eiga erfiða reynslu að baki. Nú þurfa þau að standa sig í foreldrahlutverkinu!

*Instant Family* er nýjasta mynd leikstjórans og handritshöfundarins Seans Anders sem gerði m.a. *Daddy's Home*-myndirnar tvær, en þær voru einnig með Mark Wahlberg í einu aðalhlutverkinu. Hér heldur Sean sig við fjölskylduþemað en þó á annan hátt því þótt *Instant Family* sé að grunni til gamanmynd með mörgum fjörugum og fyndnum atriðum býr raunveruleikinn að baki enda er sagan byggð á reynslu Seans sjálfs og eiginkonu hans Beth sem árið 2012 ættleiddu þrjú systkini með svipaða reynslu að baki og systkinin í myndinni hafa. Eins og flestir geta ímyndað sér reynir verulega á alla aðila í slíkum málum, bæði börnin og hina nýbökðu foreldra, sem þurfa í framhaldinu að skapa þau fjölskyldubönd sem nauðsynleg eru til að ættleiðingin heppnist sem best. Og í þeim efnum sannast hér hið fornkveðna að þolinmæðin þrautir vinnur allar ...



Mark Wahlberg og Rose Byrne leika hjónin Pete og Ellie sem ákveða að ættleiða systkini sem eiga erfiða lífsreynslu að baki.

### Punktar .....

★★★★ - *The Wrap* ★★★★★ - *IGN* ★★★1/2 - *Entertainm. Weekly* ★★★★★1/2 - *Hollyw. Reporter* ★★★★★ - *Variety* ★★★★★ - *Observer* ★★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *Guardian* ★★★★★ - *T. Film* ★★★★★ - *IndieWire*

• *Instant Family* hefur fengið mjög góða dóma þeirra sem kunna að meta bæði gamansemina í sögunni og svo hinn alvarlega undirtón og er með 7,4 í einkunn frá um 30 þúsund notendum á IMDb.



Systkinin eru leikin af Isabelu Moner, Juliönnu Gamiz og Gustavo Quiroz sem fara á kostum í hlutverkum sínum þótt ung séu að árum.



### Heima er best

Það erfðasta sem tíkin Bella gerir er að bíða eftir að besti vinur hennar og eigandi, Lucas, komi heim. Dag einn á meðan hún bíður sleppur hún óvart út einsömum og fer að elta íkorna út í buskann uns hún áttar sig á að hún ratar ekki lengur heim aftur.

Þessi skemmtilega, ljúfa og myndna mynd hentar frábærlega til áhorfs fyrir yngri áhorfendur enda er hér sögð saga sem heldur athyglinni vakandi frá byrjun til enda. Við kynnumst Bellu fyrst þegar hún er hvolpur og verður hvers manns hugljúfi. Þegar hún síðan týnist verður það henni bæði til happs og ólukkunnar að vera tekin í fóstur af fólki sem býr langt í burtu. Bellu líður vel þar, en er samt staðráðin í að finna á ný besta vin sinn, Lucas.

VOD L 96 min

Fjölskyldumynd

26. apríl

### Punktur .....


★★★★1/2 - R.Ebert ★★★★★1/2 - Entert. W.  
 ★★★★★ -Variety ★★★★★ -Hollyw. Reporter

• Þótt Bella tali ekki mannamál í myndinni þá heyrum við oft hvað hún er að hugsa og er það leiknonan Bryce Dallas Howard sem kemur þeim hugsunum í orð. Þess ber að geta að sú sem leikur Bellu fullorðna heitir í raun Shelby.

Aðalhlutverk: Ashley Judd, Jonah Hauer-King, Edward James Olmos, Alexandra Shipp og Barry Watson  
 Leikstjórn: Charles Martin Smith Útgefandi: Sena



Hér má sjá mæðgurnar og leikkonurnar Thandie Newton og dóttur hennar Nico Parker þegar þær mættu á forsyningu Disney-myndarinnar *Dumbo* í London 21. mars, en í henni fer Nico með stórt og jafnframt sitt fyrsta kvikmyndahlutverk.



### Reyndu að vera þú sjálf

Síðasta vika grunnskólans er runnin upp og Kayla Day getur ekki beðið eftir skóla-slitunum svo hún geti byrjað að gleyma sem mestu af því sem gerðist síðasta vetur.

Á ensku flokkast *Eighth Grade* til „coming of age“-mynda en þær fjalla um það tímabil í lífi einstaklinga þegar þeir eru mitt á milli þess að vera börn og fullorðnir. Myndin þykir ein sú besta sem gerð hefur verið í þessum flokki.

### Punktur .....

★★★★★ - L.A. Times ★★★★★ - N.Y. Times  
 ★★★★★ - R. Stone ★★★★★ - Wash. Post  
 ★★★★★ - Entert. Weekly ★★★★★ - Slate

• *Eighth Grade* er ein mest verðlaunaða mynd ársins 2018, bæði myndin sjálf, handrit hennar, leikstjórnin og ekki síst aðalleiknonan Elsie Fisher sem er frábær í hlutverkinu og var m.a. tilnefnd til Golden Globe-verðlaunanna fyrir vikið. Myndin hlaut enn fremur áhorfendaverðlaunin á Sundance-hátíðinni í fyrra, var valin mynd ársins af meðlimum American Film Institute (AFI) og ein af tíu bestu myndum ársins af samtökum bandarískra gagnrýnenda. Hún er með 9,0 í meðaleinkunn á Metacritic.

Aðalhlutverk: Elsie Fisher, Josh Hamilton og Emily Robinson  
 Leikstjórn: Bo Burnham Útgefandi: Sena




Þau Sophie Turner, sem leikur titilhlutverkið í *X-Men*-myndinni væntanlegu *Dark Phoenix*, og kærasti hennar, tónlistarmaðurinn Joe Jonas, voru á röltinu í New York 15. mars og tóku bara vel í beiðni aðdáanda um sjálfu.

VOD 12 93 min

Uppvaxtarsaga

26. apríl



## Konungur hafsins

*Aquaman* er sjötta myndin í hinum sameinaða ofurhetjuheimi DC-Comics á eftir *Man of Steel*, *Batman v Superman: Dawn of Justice*, *Suicide Squad*, *Wonder Woman* og *Justice League*. Hér er um upprunasögu að ræða sem hefst þegar Arthur Curry er aðeins ungur drengur og kemst að því með tímanum að í raun er hann hinn eini sanni konungur sjávarborgarinnar Atlantis.

Arthur er í fyrstu ekkert allt of hrifinn af þeirri ábyrgð sem því fylgir að vera konungur en getur ekki hlaupist undan merkjum þegar hættur steðja að úr öllum áttum sem ógna ekki bara Atlantis og íbúum sjávarins heldur og öllu mannkyninu. Þá kemur sér vel að hann býr að ógnarkröftum, getur stjórnað sjávarföllumum, synt á hljóðhraða og talað við dýrin í hafinu auk þess sem hann nýtur ómetanlegrar aðstoðar sjávarprinsessunnar Meru sem gefur honum lítið eftir hvað ofurkrafta varðar. En andstæðingarnir eru líka öflugir, þar á meðal Ormur hálfbróðir Arthurs sem vill sameina hin sjö ríki hafsins og segja mannkyninu stríð á hendur. Þá skelfilegu fyrirætlun verður Aquaman að stöðva hvað sem það kann að kosta ...



Arthur Curry, betur þekktur sem Aquaman, er leikinn af Jason Momoa.


## Aquaman

Ævintýri / Ofurhetjur

VOD 12 143 min

**Aðalhlutverk:** Jason Momoa, Amber Heard, Nicole Kidman, Dolph Lundgren, Patrick Wilson, Willem Dafoe, Djimon Hounsou, Randall Park og Yahya Abdul-Mateen II **Leikstjórn:** James Wan **Útgefandi:** Síminn og Vodafone

29. apríl



Patrick Wilson leikur hálfbróður Aquamans, Orm, sem er núverandi konungur Atlantis og hefur uppi áætlun um að útrýma mannkyninu.

### Veistu svarið?

Nicole Kidman leikur Atlönnu, drottningu Atlantis, sem eignast Arthur með ástmanni sínum. Þetta er í annað sinn sem Nicole leikur í ofurhetjumynd en það gerði hún einnig árið 1995 þegar sem hún lék persónuna dr. Chase Meridian. Í hvaða mynd?




Batman Forever.

## Punktur .....

★★★★1/2 - RogerEbert ★★★★★1/2 - The Wrap ★★★★★ - Time  
 ★★★★★1/2 - C. Sun-Times ★★★★★1/2 - The Verge ★★★★★1/2 - Slate  
 ★★★★★1/2 - L.A. Times ★★★★★1/2 - IGN ★★★★★1/2 - N.Y. Magazine  
 ★★★★★ - Empire ★★★★★ - Screen ★★★★★ - T. Film ★★★★★ - Time Out

• *Aquaman* naut mikilla vinsælda í kvikmyndahúsum fyrir áramót enda er hér um hraða og litríka veislu að ræða fyrir augu og eyru, hlaðna stórfenglegum tækniþremum og mjög flottum hasaratriðum.



Amber Heard leikur prinsessuna Meru sem gengur í lið með Aquaman og ræður eins og hann yfir mögnuðum ofurkröftum.



Nicole Kidman er nú stödd í New York þar sem hún leikur aðalhlutverkið í 6-þátta sjónvarps-seríu eftir David E. Kelley, *The Undoing*. Þessi ljósmynd af einu atriðinu var tekin 15. mars.



Saoirse Ronan er hér í gervi sínu við tökur á nýjstu mynd Francis Lee, *Ammonite*, sem gerist í Englandi á fjórða áratug 19. aldar og segir frá forboðnu ástarsambandi og afleiðingum þess.



Christian Slater og Ramy Malek eru nú að leika í síðustu seríu þáttaraðarinnar *Mr. Robot* og sjást hér í hlutverkum sínum við tökur á einu atriði í New York 12. mars.



Elle Fanning var alveg til í eina sjálfu með aðdáanda þar sem hún mætti á South by Southwest-hátíðina í Austin til að kynna myndina *Teen Spirit* sem hún leikur aðalhlutverkið í.



Fjórðu Make March Matter-fjáröflun Barnaspítalans í Los Angeles var hleypt af stokkunum í mars, en einn af hvatamönnum hennar er Chris Pine sem hér sést með ungum aðdáanda.



Keira Knightley skellti sér yfir hafið í mars og mætti á svokallað „Build Series“ þar sem gestum og gangandi gefst kostur á að spjalla við frægt fólk, leikara og aðra, í beinni útsendingu.



# Toppmyndir



Komnar út og fáanlegar á sjónvarpsleigunum



**Bohemian Rhapsody**  
Í verðlaunamyndinni *Bohemian Rhapsody* er farið yfir feril hjómsveitarinnar Queen allt frá byrjun, með sérstakri áherslu á hlut pianóleikarans, laga- og textahöfundarins og eins besta röksöngvara allra tíma, Freddie Mercury, sem lést langt um aldur fram árið 1991, aðeins 45 ára að aldri. Frábær mynd fyrir alla.  
**Sannsógulegt** 12



**A Star Is Born**  
Tónlistarmaðurinn Jackson Maine má muna sinn fífil ferurri og þótt hann njóti enn hylli gamalla aðdáenda er ferill hans á fallanda fæti, ekki síst vegna óhöflegar drykkju. Þegar hann hittir hina efnilegu leik- og söngkonu Ally má segja að hann fái nýtt markmið í lífinu: Að aðstoða Ally við að ná frægð og frama.  
**Drama/rómantik** 12



**Fantastic Beasts: The Crimes ...**  
Þegar galdramaðurinn og ógnvaldurinn Gellert Grindelwald sleppur úr haldi og byrjar að safna liði til að geta komið valdasjúkum áformum sínum í framkvæmd fær Albus Dumbledore Newt Scamander til að fara í málið ásamt vinum sínum því fyrirætlanir Gellerts verður að stöðva – hvað sem það kostar.  
**Ævintýri/galdrar** 9



**Lof mér að falla**  
*Lof mér að falla* eftir leikstjórnann Baldvin Z, sem skrifaði einnig handritið ásamt Birgi Erni Steinarssyni, hefur hlotið einróma lof allra sem séð hafa enda afar vel gerð og leikin í alla staði og svo áhrifarík að bæði sagan og persónur hennar lífa með áhorfendum löngu eftir að myndinni lýkur.  
**Sannsógulegt** 14



**Skýrsla 64**  
*Skýrsla 64* er gerð eftir fjórðu bók danska rithöfundarins Jussi Adler-Olsens um þá Carl Mørck og Assad hjá Q-deildinni og segir frá því þegar þeir uppgötvu að tengsl eru á milli nokkurra mannsvarfa sem áttu sér stað fyrir tuttugu árum. Snýst sú rannsókn fljótlega upp í æsi-spennandi kapphlaup við tímann  
**Spenna/sakamá** 16



**The Sisters Brothers**  
*The Sisters Brothers* er kostleg blanda af vestra og svartri kómedíu en hún gerist á tímum gullæðisins í Kaliforníu um miðja nítjándu öld. Þeir Joaquin Phoenix og John C. Reilly leika bræðurna Charlie og Eli Sisters sem hafa tekið að sér að elta uppi gulleitarmann og efnafræðing í vafasömum tilgangi, vægast sagt.  
**Vestri/svartur húmor** 16



**Smáfötur**  
Teiknimyndin *Smáfötur* er byggð á myndasögunni *Yeti Tracks* eftir Sergio Pablos, þann sama og skapaði sögurnar um hinn ónuga en stórsmjalla Gru og litlu gulu skósveinana. Hér segir frá snjómanninum Mígó sem heldur frá heimkynnum sínum til byggða til að skoða hina skritnu dýrategund, manninn!  
**Teiknimynd** L




**Like Crazy**  
Þær Donatella og Beatrice hafa verið nauðvistarar á geðsjúkrahæli þar sem þær hittast í fyrsta sinn og verða góðar vinkonur þrátt fyrir að vera gerólikar að upplagi og með gerólikar sögur að baki. Dag einn gefst þeim tækifæri til að flýja af hælunni og halda á vit ævintýra ... og því tækifæri sleppa þær ekki!  
**Gamandrama** 6



**The Girl in the Spider's Web**  
*The Girl in the Spider's Web* er gerð eftir fjórðu bókinni um þau Lisbeth Salander og Mikael Blomkvist og segir frá því þegar þau hittast á ný eftir áralangan aðskilnað og takast á við flókið glæpamál og ráðgátu þar sem miskunnarlausir morðingjar, tölvuhakkar og spalltir útsendarar yfirvalda koma við sögu.  
**Spenna/hasar** 16



**Christopher Robin**  
Sögurnar um Bangsímón og vini hans í Hundrabekruskógi, og þá ekki síst vinskapa hans og Christophers Robin, eru fyrir löngu orðnar sigildar. Í þessari mynd sjáum við hvað gerist þegar þeir Christopher og Bangsímón hittast á ný eftir að hafa ekki sést í meira en tvo áratugi. Hefur eitthvað breyst?  
**Fjölskyldumynd** L




**Halloween**  
Fjórútu árum eftir að Michael Myers myrti þrjá á hrekjaflokkunni snýr hann aftur til að ljúka verkunni. En í þetta sinn er Laurie Stroder, sem slapp naumlega undan honum árið 1978, tilbúin. Hörku-mynd sem fengið hefur mjög góða dóma gagnrýnenda og sló aðsóknarmet í kvikmyndahúsum.  
**Tryllir** 16



**The Nutcracker and the ...**  
Þegar hin unga og möðurlausa Clara fær jólagjöfina frá guðföður sínum Drosselmeyer grunar hana ekki að gjöfin muni leiða hana á vit stórkostlegra ævintýra í fjórum hlíðarheimum, Snjókornalandi, Blómalandi, Saelgætislandi og svo fjórða landinu þar sem hin illa „rauða móðir“ hefur öll völd. Ekta fjölskyldumynd.  
**Ævintýri** 9



**Bad Times at the El Royale**  
Sjú gerólikir einstaklingar, sem allir hafa einhverju að leynd, hittast á El Royale-hótelinu við Tahoe-vatn þar sem skuggaleg fortíðin svífur yfir vötnum. Á einum sólarhring fær allt þetta fólk tækifæri til að gera yfirbót – áður en allt fer til helvítis. Þrælgoð sakamála- og fléttumynd sem kemur verulega á óvart!  
**Spenna/ráðgáta** 16



**Sorry to Bother You**  
*Sorry to Bother You* gerist í nokkurs konar hlíðarveruleika við þann sem við þekkjum og þykir einstaklega fyndin mynd og hárbæitt þjóðfélagsádeila enda fær hún frábæra dóma á Metacritic þar sem hún er með 8,0 í meðaleinkunn og hefur auk þess sópað til sín verðlaunum og viðurkenningum á kvikmyndahátíðum.  
**Gamanmynd/ádeila** 16



**The Front Runner**  
Gary Hart var vonarstjarna bandaríska demókrataflokksins og töldu margir hann öruggan um að verða forsetaefni flokksins í kosningunum 1988. Þegar pressan komst að því að hann hafði átt vinnugt við konu utan hjónabandsins féll hann af þeim stalli með miklum hveli. Hugh Jackman fer hér á kostum.  
**Sannsógulegt** 12



**Widows**  
Þrjár konur sem urðu ekkjur þegar eiginmenn þeirra voru drepnir við ránstílaun sjá sæng sína uppreidda þegar glæpaforinginn Jamal Manning krefur þær um milljónir dollara sem hann segir að eiginmenn þeirra hafi skuldað sér. En í stað þess að verða við kröfum Jamals ákveða konurnar að snúa vörn í sökn.  
**Spenna/hasar** 16



**A Private War**  
Mögnuð saga verðlaunablaðakonunnar Marie Colvin sem frá árinu 1985 starfaði fyrir *The Sunday Times*, lengst af við öflun fréttu frá stríðshrjádum héruðum og löndum. Myndin var tilnefnd til tvennra Golden Globe-verðlauna, fyrir leik Rosamund Pike og fyrir tillagið sem Annie Lennox samdi og flýtur.  
**Sannsógulegt** 16



**Second Act**  
Maya er komin á fimmtugsaldur og er fóst í láglaunavinnu í stórkafni enda hefur hún hvorki menntun né reynslu til að geta sótt um betur launuð störf og finnst eins og hún sé í blindgötu með líf sitt. Dag einn breytist allt þegar einkarekið fjármálafrýrtæki býður henni fyrir tóman misskilning hálaunað starf.  
**Gamanmynd** L



**The Leisure Seeker**  
Þau John og Ella, sem eru á áttæðisaldri og eiga gullbrúðkaup að baki, glíma bæði við alvarlega og ólæknandi sjúkdóma því hann er kominn með Alzheimer með tilheyrandi minnisglöppum og hún er með krabbamein og hefur hætt að þiggja meðferð við því. En þau eiga eitt ævintýri eftir. Ljúf og góð mynd.  
**Gamandrama** 6



**The Happy Prince**  
Þeir sem kunna að meta sannsógulegar myndir í sérflökki ættu alls ekki að missa af þessari áhrifariku snilldarmynd þar sem Rupert Everett fer algerlega á kostum í hlutverki írsku ljóð- og leikskáldsins Oscars Wilde, en myndin gerist á síðustu árum lífs hans og lýsir vel aðstæðum hans undir lokin.  
**Sannsógulegt** 12



**Heavy Trip**  
*Heavy Trip*, sem á frummálinu heitir *Hevi reissu*, er alveg áreiðanlega ein myndasta mynd sem Finnar hafa gert enda hefur hún hlotið afar góða dóma og naut mikillar aðsóknar í bíó í heimalandinu enda alveg sprengihlæggleg. Segja margir að hún sé nokkurs konar *Spinal Tap* Finna. Mynd sem kætir og hressir!  
**Gamanmynd** 12



-Finndu mýktina í Milka-



Milka

Fyrir mjúku hliðina...